

Hvað skal gera?

7. - 10.
bekkur

Fjöldi
20-25

60
mín.

Þetta er verkefni þar sem þátttakendur ræða um hvernig skal bregðast við hatursorðræðu.

Þema	Neteinelti, fordómar og lýðræði.
Aldur	7. - 10. bekkur.
Stærð hóps	2 - 30 einstaklingar.
Tími	45 mínútur.
Markmið	<ul style="list-style-type: none">• Að nemendur átti sig á hvernig á að bregðast við hatursorðræðu.• Átta sig á mismunandi birtingarmyndum hatursorðræðu.• Vekja þátttakendur til umhugsunar um mikilvægi þess að bregðast við.• Nemendur fari í hlutverk vefstjórnanda og átta sig á hvar línan liggur.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none">• Vera með að minnsta kosti fjögur A4 blöð fyrir hvern nemanda.• Kennari þarf að vera með blýanta eða penna fyrir nemendur.

Kennsluleiðbeiningar

1. Byrjaðu á að dreifa A4 blöðum til nemenda, hver nemandi þarf að fá fjögur blöð.
2. Kennari biður nemendur um að skrifa eftirfarandi á blöðin:
 - Eyða athugasemd
 - Gefa notanda viðvörun
 - Tilkynna til lögreglu
 - Eitthvað annað



3. Kennari útskýrir að nú muni hann lesa nokkur dæmi um hatursorðræðu á netinu.
4. Nemendur fara í hlutverk vefstjórnanda á vinsælum umræðuvef. Eftir hvert og eitt dæmi biður kennarinn nemendur um að lyfta upp blaðinu sem lýsir því sem þau myndu gera í aðstæðunum sem lýst er í dæminu.
5. Kennari les dæmin sem eru í fylgigögnum
6. Eftir hvert og eitt dæmi er gott að spyrja nemendur af hverju þeir völdu það blað sem þau halda uppi.

Samantekt

Notaðu eftirfarandi spurningar til að gera samantekt á verkefninu.

- Hvernig fannst ykkur verkefnið? Hvað fannst ykkur erfiðast við þetta og af hverju?
- Haldið þið að allar dæmisögurnar hafi verið dæmi um hatursorðræðu?
- Hafið þið lent í áreiti eða orðið vitni af því?
- Hvernig getur þú brugðist við áreiti?
- Hafið þið verið vefstjórnari?
- Haldið þið að fylgst sé með vinsælum vefsíðum og því eytt sem er særandi?

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Ef hópurinn er stór er gott að notast við einhvern hlut sem veitir þátttakendum leyfi til að koma með skoðun sína. Hluturinn gengur á milli og mega einungis þeir tala sem halda á hlutnum hverju sinni.
- Til að spara tíma getur kennarinn verið búinn að skrifa svörin á blöðin áður en kennsla hefst.
- Vertu vakandi fyrir því að einstaklingar gætu hafa orðið fyrir áreiti og gerandi gæti jafnvel verið í hópnum. Gæta þarf þess að ýta ekki of mikið á þátttakendur ef þeir vilja ekki svara.
- Ef það eru einstaklingar í hópnum sem hafa orðið fyrir áreiti getur farið svo að verkefnið fái þá til að átta sig á að þeir þurfi stuðning. Í upphafi verkefnis er gott að nefna það að þú getir veitt slíkan stuðning eða komið málinu í réttan farveg.

Fylgigögn



Dæmi

Notandi var að senda skilaboð til annars notanda. Í skilaboðunum segir hann að hann þoli ekki skoðanir hennar á vefsíðunni. Hvað gerir þú í þessum aðstæðum?

Nokkrir notendur birta nektarmynd af 15 ára stelpu á umræðuþræði. Hvað gerir þú í þessum aðstæðum?

Notandi birtir persónulegar upplýsingar um annan notanda og biður fólk um að áreita hann með sms sendingum og í tölvupósti vegna þess að hann sé ofbeldismaður. Hvað gerir þú í þessum aðstæðum?

Notandi býr til þráð sem inniheldur útlendingahatur og fordóma gagnvart samkynhneigðum. Hvað gerir þú í þessum aðstæðum?

Notandi býr til þráð þar sem hann fordæmir fólk sem trúir ekki á guð. Hvað gerir þú í þessum aðstæðum?